6 31. jan. **Brjef landshöfðingja *til biskups* um niðurlagning kirkju.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 24. þ. m., og þar með fylgjandi skjöl, vil jeg hjer með samkvæmt 4. gr. laga nr. 3, 27. febr. 1880, samþykkja, að kirkjan að Hoffelli í Hornafirði sje lögð niður, og sóknin lögð til Bjarnaneskirkju, þannig að tjeð kirkja eignist skrúða og áhöld hinnar niðurlögðu kirkju, en eigandi Hoffellskirkju taki að öðru leyti við eignum hennar og skuldum, þó að því áskildu, að hann annaðhvort rífi kirkjuhúsið, eða, vilji hann láta það standa þar sem það nú er, þá taki þaðan altari og prjedikunarstól og annað það, sem einkennir húsið sem kirkju, og annaðhvort sljetti hinn gamla kirkjugarð og gjöri að túni, eða honum sje haldið í sæmilegu ástandi og tilhlýðilega umgirtum. Einnig er það áskilið, að prestmötugreiðslan af Hoffelli haldist óbreytt eptirleiðis.

Embættaskipan og sýslana.

6. jan. setti landhöfðingi landlækni *Schierbeck* og dr. med. *Jónas Jónassen* til þess fyrst um sinn að gegna *kennaraembættinu við læknaskólann.*

10. jan. setti landshöfðingi docent *Þórhall Bjarnarson* til þess fyrst um sinn að gegna *forstöðumannsembættinu við prestaskólann.*

13. jan. veitti landshöfðingi læknaskólakandídat *Ólafi Finsen* fyrst um sinn til 30. júní 1894 styrk sem *aukalækni á Skipaskaga.*

19. jan. veitti landshöfðingi prestaskólakandidat *Vilhjálmi Briem Goðdalaprestakall* í Skagafjarðarprófastsdæmi, eptir að tillögu hlutaðeigandi safnaðar hafði verið um það leitað.

30. jan. var presti að *Glaumbæ* síra *Jakobi Benediktssyni* samkvæmt beiðni hans veitt *lausn* frá prestskap frá fardögum 1894 að telja.

Lyfsali.

15. jan. var cand. pharm. *Oddi Thorarensen* veitt konunglegt leyfisbrjef til að reka lyfsölu á *Akureyri.*

Verzlunarræðismenn.

8. nóv. 1893 var kaupmaður *Chr. Zimsen* viðurkenndur sem frakkneskur *Consularagent í Reykjavík.*

14. nóv. 1893 var kaupmaður *Jens Marthinius Hansen* viðurkenndur sem brezkur *Viceconsul á Seyðisfirði.*

Óveitt embætti

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Sýslumannsembættið í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í Vesturamti Íslands er laust. Laun á ári 3000 krónur.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. april 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta umsóknarbrjefum sínum fylgja tilhlýðilegt vottorð um, að þeir kunni íslenzku.

Auglýst 9. janúar 1894.

Umsóknarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 23. maí 1894.

Óveitt prestakall.

Glaumbær í Skagafirði, metinn 1653 kr. Auglýstur 1. febr. 1894. Uppgjafaprestar 2 eru í brauðinu, og greiðist af því sem stendur 453 kr. til eptirlauna öðrum þeirra. Veitist frá næstu fardögum.